

74. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 1.3. 2022, kl. 13:30

Mætt til fundar: Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnar Gunnarsson 1. varamaður í fjarfundarbúnaði í forföllum Önnu Jónu Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir 1. dagskrálið var mættur Sigurður Álfgeir Sigurðsson frá Deloitte, undir 2. dagskrárlíð voru mættar Jóna Árný Þórðardóttir, Signý Ormarsdóttir, Ásdís Helga Bjarnadóttir, undir 3. dagskrárlíð var mættur í fjarfundarbúnaði Steingrímur Karlsson og undir dagskrárlíð 4. var Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.

Áður en fundur hófst bar oddviti það undir sveitarstjórn hvort samþykkt væri að Gunnar Gunnarsson 1. Varamaður sæti fundinn í fjarfundarbúnaði.

Það var samþykkt og var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Ársreikningar Fljótshrepps 2021, síðari umræða. Sigurður Álfgeir Sigurðarson
2. Samningur við Austurbrú. Jóna Árný Þórðardóttir, Signý Ormarsdóttir, Ásdís Helga Bjarnadóttir
3. Samningur um Óbyggðasetrið. Steingrímur Karlsson
4. Fundargerðir:
 - a. Samfélagsnefndar 17.2. 2022
 - b. Stjórnar Sambans Íslenskra sveitarfélaga 4.2.2022
 - c. um stofnun sjálfseignarstofunar sveitarfélaga 26.1.2022
 - d. Ársala 2.2. 2022
 - e. Almannafræðingur 7.2.2022
 - f. Almannafræðingur 21.2.2022
5. Stefna Lögreglunnar á Austurlandi 2022
6. Grenjavinnsla
7. Skýrsla sveitarstjóra
8. Önnur mál

1. Ársreikningur Fljótshrepps 2021, síðari umræða

Deloitte hefur lokið endurskoðun á ársreikningi Fljótshrepps fyrir árið 2021. Sigurður Álfgeir fór yfir framkvæmd og niðurstöður endurskoðunarinnar.

Í framhaldinu var reikningurinn samþykktur samhljóða af sveitarstjórn.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 224,1 milljónum króna og rekstrargjöld 244,4 milljónir. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 1,6 milljón og rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um 63,8 milljónir króna.

2. Samningur við Austurbrú

Gestir fundarins fóru yfir samstarfið á síðasta ári og í framhaldinu sköpuðust almennar umræður.

3. Samningur um Óbyggðasetrið

Steingrímur fór yfir starfsemi Óbyggðasetursins á síðasta ári ásamt verkefnum sem tilgreind eru í þjónustusamningnum við sveitarfélagið.

Samþykkt að taka inn á fundinn drög að viljayfirlýsingu sveitarfélagsins vegna Orkugarða Austurlands (OGA)

4. Viljayfirlýsing við „Copenhagen Infrastructure EnergyTransition Fund I K/S“

Farið var yfir viljayfirlýsingu með Kristni Bjarnasyni og í framhaldinu samþykkti sveitarstjórn hana samhljóða.

Gunnar Gunnarsson óskaði að eftirfarandi væri bókað: „Ég tel eðlilegt að farið verði í þessa vinnu til að kanna möguleg vindorkusvæði í Fljótssdal, þar sem slík vitneskja er mikilvæg fyrir skipulagsvinnu til framtíðar. Í því skyni hvet ég til þess að kapp verði lagt á tryggja aðgang Fljótssdalshrepps að nauðsynlegum niðurstöðum úr rannsóknunum.

Ég legg á það áherslu að staðinn verði vörður um óröskuð svæði í sveitarfélaginu, eða svæði sem mikilvæg eru fyrir ferðamennsku, útivist eða landbúnað heldur horft á svæði sem þegar hefur verið raskað svo sem vegna annarrar orkuframleiðslu eða iðnaðar.“

5. Fundargerðir

a. Samfélagsnefndar 17.2. 2022

Kynnt.

b. Stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 4.2.2022

Kynnt.

c. Um stofnun sjálfseignarstofunar sveitarfélaga 26.1.2022

Kynnt.

d. Ársala 2.2. 2022

Kynnt.

e. Almannafræðingurinn 7.2.2022

Kynnt.

f. Almannafræðingurinn 21.2.2022

Kynnt.

6. Stefna lögreglunnar á Austurlandi 2022

Kynnt.

7. Grenjavinnsla

Um er að ræða grenjavinnslusvæði sem Hjörtur á Hrafnkelsstöðum hafði umsjón með.

Sveitarstjóra falið að tala við þá aðila sem líst hafa áhuga á verkefninu.

8. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri upplýsti sveitarstjórn um stöðuna á fyrirhugaðri íbúabyggð á Hjarðarbóli og sagði frá ferlinu framundan.

9. Önnur mál

Oddviti kynni hugmynd frá Gunnarsstofnun um verkefni við skráningu minja um búsetu í

Fljótsdalshreppi.

Sveitarstjóri kynnti bókun frá Múlaþingi er varðar samstarfssamning um byggðasamlag, Minjasafn Austurlands.

Eiríkur spurðist fyrir um hver væri staðan á starfsmannahúsi í Laugarfelli. Ekki náðist að klára framkvæmdir á húsinu fyrir veturinn, en það er á ábyrgð tryggingarfélagsins að gera það.

Fundi slitið klukkan 17:51

Lárus ritaði fundargerð í tölvu